

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 506/1994.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Lárusi Birni Svavarssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Líkamsárás. Þjófnaður. Viðurlagaákvörðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut þessu máli, hvað ákærða varðar, til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1994 í samræmi við yfirlýsingu hans um áfrýjun til endurskoðunar á viðurlögum. Ákærði gerir þá kröfu, að refsing á hendur sér verði lækkuð.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Í hinum áfrýjaða dómi er ákærði sakfelldur meðal annars fyrir að veitast með öðrum manni að Sigurði Gretti Erlendssyni með þeim afleiðingum, að Sigurður missti meðvitund, og tekið síðan af honum hring og úr. Er þetta talið varða við 1. mgr. 217. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eins og áfrýjun er hagað í málinu, koma önnur atriði í þessu sambandi ekki til endurskoðunar en viðurlög á hendur ákærða. Við ákvörðun þeirra verður meðal annars að líta til þess, að aðdragandinn að árásinni er um margt óljós, eins og getið er í hinum áfrýjaða dómi, en allir þeir, sem áttu þar í hlut, munu hafa verið ölvaðir. Þá er í málinu lítið upplýst um verðmæti þess, sem ákærði tók ásamt félaganum sínum af Sigurði Gretti í kjölfar árásarinnar, en þó má ætla, að það hafi verið mjög óverulegt. Á hið sama við um verðmæti þess, er ákærði bar úr bítum með öðrum brotum, sem mál þetta varða.

Pegar lítið er með þessum hætti til umfangs brotanna, sem ákærði er sakfelldur fyrir í málinu, en einnig til sakaferils hans svo og 2. mgr. 70. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing á hendur honum hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna þessa máls frá 25. mars til 9. maí

1994, í 45 daga, og kemur það að fullu til frádráttar dæmdri refsingu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað, hvað ákærða varðar. Þá verður hann dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Lárus Björn Svavarsson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist hans í 45 daga komi til frádráttar þeirri refsingu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skulu vera óröskuð, hvað ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Páls-sonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. nóvember 1994.

Ár 1994, föstudaginn 11. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 550/1994: Ákærvaldið gegn Lárusi Svavarssyni og X, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. ágúst sl., á hendur ákærðu, Lárusi Svavarssyni, Vegghömrur 47, fæddum 12. september 1951, fæðingarnúmer 483, og X [...] „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík í mars 1994:

A. Rán.

Mál er höfðað á hendur ákærðu fyrir að hafa sunnudaginn 13. mars um kl. 18.40 ráðist að Sigurði Gretti Erlendssyni, kt. 260857-5419, á gangstétt framan við veitingahúsið Keisarann, Laugavegi 116, í því skyni að hafa af honum fé, ákærði X fyrst slegið hann í höfuð og ákærði Lárus síðan slegið höfði hans utan í vegg og sparkað í hann með þeim afleiðingum, að Sigurður Grettir missti meðvitund, og í félagi stolið af Sigurði Gretti hring og úri.

Telst þetta varða við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

B. Þjófnaður.

Mál er höfðað á hendur ákærða Lárusi fyrir eftirgreinda þjófnaði:

1.

Fyrir að hafa aðfaranótt föstudags 4. mars brotist inn í bifreiðina G-12766 á Barónsstíg við Grettisgötu og stolið úri og tveimur lyklakippum.

2.

Aðfaranótt föstudags 25. mars brotist í þjófnaðarskyni inn í kaffihúsið Tíu dropa í kjallara hússins nr. 27 við Laugaveg, en lögreglumenn komu að honum á vettvangi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga og háttsemin samkvæmt ákærulið B 2 jafnframt, sbr. 20. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar.“

A-kafli ákæru.

Niðurstaða.

Mikið ber á milli skýrslna manna í máli þessu. Eru skýrslur ákærðu óstöðugar, og skýrslur Sigurðar Grettis rekast um sumt á annað í málinu. Er á það að líta, að ákærðu og Sigurður Grettir virðast allir hafa verið ölv- aðir. Ákærðu hafa frá upphafi neitað því, að þeir hafi ætlað að ræna Sigurð Gretti. Enda þótt taka verðmætanna af Sigurði Gretti virðist hafa verið í beinu framhaldi af átökunum við hann, er gegn neitun ákærðu ekki alveg unnt að fullyrða, að fyrir þeim hafi vakað að taka þau af honum fyrr en eftir að átökunum lauk. Er á það að líta, að átökin munu hafa byrjað inni í veitingastaðnum. Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærðu af ákæru fyrir rán.

Í málflutningi var vikið að því, að brot ákærðu gætu varðað við 217. og 244. gr. almennra hegningarlaga. Kemur þetta nú til álita, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Eins og þessi kafli ákæru er orðaður, verður að telja, að hvor ákærðu um sig sé aðeins saksóttur fyrir árás á Sigurð Gretti með þeim verknaði, sem honum er sérstaklega gefinn þar að sök.

Ákærði X hefur viðurkennt að hafa slegið Sigurð Gretti í höfuðið, svo að hann féll við. Er það í samræmi við það, sem þeir Lárus og Sigurður Grettir hafa borið. Er hann þar með orðinn sannur að þessum verknaði.

Að því er ákærða Lárus varðar, kemur í fyrsta lagi aðeins til álita, hvort hann hafi slegið höfði Sigurðar Grettis utan í vegg, svo að leitt hafi til þess, að maðurinn rotaðist, en ekki það tilvik, sem síðar varð að sögn hjónanna, að höfuðið hefði slegist utan í við það, að ákærðu hefðu verið að leita á manninum. Í öðru lagi kemur til álita, hvort hann hafi sparkað í Sigurð Gretti. Um fyrra atriðið eru eindregnar skýrslur Sigurðar Grettis bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi. Frásögn meðákærða X við lögregluþyr- heyrslurnar styður þetta. Ekkert er hins vegar á dómskýrslu hans að græða

um þetta. Sjálfur neitaði Lárus því algerlega við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu að hafa nokkuð gert á hluta Sigurðar Grettis, en fyrir dómi hefur hann kannast við að hafa slegist við manninn og hrint honum frá sér, svo að hann skall í vegginn og datt. Með þessu er sannað, að ákærði skelli höfði Sigurðar Grettis utan í vegginn, eftir að X hafði veist að honum og slegið hann. Að því er varðar síðara atriðið, er þess að geta, að X skýrði frá því hjá lögreglu, að Lárus hefði sparkað í hann, þar sem hann lá, og fyrir dómi sagði hann sig minna, að Lárus hefði sparkað eitthvað í Sigurð Gretti. Ákærði Lárus hefur aftur á móti staðfastlega neitað þessu frá upphafi. Gegn neitun hans verður að telja ósannað, að hann hafi sparkað í manninn, og ber að sýkna hann af þessu atriði ákæru.

Ákærðu hafa með því, sem ályktað er hér að ofan, og með vísan til læknisvottorðsins orðið sekir við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Með skýrslum hjónanna fyrrnefndu er sannað, að ákærðu stóðu saman að því að leita á Sigurði Gretti. Í skýrslu Lárusar hjá lögreglu segir, að með-ákærði hafi tekið bæði hring og úr af manninum, en fyrir dómi segir hann, að aðeins hafi verið tekið úr. Ákærði X nefndi aðeins úr hjá lögreglu, og hér fyrir dómi hefur hann sagt, að ekkert hafi verið tekið af manninum. Ekki er að sjá, að hringur sá, sem Sigurður Grettir saknar, hafi fundist á ákærðu. Aftur á móti hafa hjónin bæði borið, að ákærðu hafi virst vera að taka hring af fingri hans. Verður því að miða við, að ákærðu hafi einnig tekið hring af honum. Hafa þeir þannig orðið sekir við 244. gr. almennra hegningarlaga.

B-kafla ákæru.

Ákærði Lárus hefur skýlaust játað það atferli, sem hann er saksóttur fyrir í þessum kafla, og breytir viðbára hans um kaffihúsið engu þar um. Hefur hann orðið sekur um brot þau, sem greinir í þessum kafla ákæru og réttilega eru þar færð til refsíákvæða.

Viðurlög.

Ákærði Lárus, sem er síbrotamaður, hefur til þessa hlotið 32 refsídóma, ýmist fyrir þjófnað, hylmingu, líkamsárásir, skjalafals, fjársvik eða fyrir brot gegn umferðar- og áfengislögum. Síðast var hann dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir þjófnaði og skjalafals í október 1993. Er samanlögð refsivist ákærða samkvæmt dómum þessum orðin tæp 14½ ár. Þá hefur hann þrúsinnis verið sektaður fyrir önnur brot, aðallega gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Samtals hefur ákærða verið refsað 5 sinnum fyrir ofbeldisbrot. Það er refsingunni til þyngingar, að ákærði stal verðmætum af manni, sem hann hafði ráðist á og rotað þá rétt áður. Þykir refsing hans að þessu athug-

uðu hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Frá refsingunni ber að draga 45 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

— — —

Dæma ber ákærða Lárus til þess að greiða helming málsvarnarlauna verjanda, Páls Arnórs Pálssonar hrl., sem ákvarðast 60.000 krónur, en helmingur greiðist úr ríkissjóði. Þá ber á sama hátt að skipta málsvarnarlaunum til verjanda ákærða X, Arnar Clausen hrl., sem einnig ákveðast 60.000 krónur. Annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, greiði ákærðu óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði Lárus Svavarsson sæti fangelsi í tvö ár. Frá refsingunni dregst 45 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði X sæti fangelsi í þrjú mánuði.

Ákærði Lárus greiði 30.000 krónur í málsvarnarlaun verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, en 30.000 krónur greiðist verjanda úr ríkissjóði.

Ákærði X greiði 30.000 krónur í málsvarnarlaun til verjanda síns, Arnar Clausen hrl., en 30.000 krónur greiðist verjanda úr ríkissjóði.

Annar sakarkostnað, þar með talin 45.000 króna saksóknarlaun í ríkissjóð, greiði ákærðu óskipt.
